

Viðbrögð við kvörtun um einelti þar sem meintur gerandi er forstöðumaður stofnunar

Almennt er það hlutverk forstöðumanns ríkisstofnunar að taka á kvörtun um einelti. Í þeim tilfellum þar sem meintur gerandi er forstöðumaður, ber ráðuneyti að grípa inn í og gera nauðsynlegar ráðstafanir á grundvelli vinnuveitandahlutverks síns.

Við rannsókn eineltis er mikilvægt að farið sé eftir ákvæðum stjórnáslulaga nr. 37/1993. Hér að neðan eru verklagsreglur fyrir ráðuneyti og stofnanir til að fara eftir þegar upp koma eineltistilfelli þar sem meintur gerandi er æðsti stjórnandi stofnunar:

Eineltistilfelli þar sem meintur gerandi er æðsti stjórnandi stofnunar

Virkja þarf starfsmannastjóra eða þann sem fer með starfsmannamál auk öryggistrúnaðarmanns og/eða vinnuverndarfulltrúa stofnunar eftir atvikum. Öryggisnefnd skal vera í þeim stofnunum sem hafa fleiri en 50 starfsmenn. Í smærri stofnunum þar sem forstöðumaður fer með starfsmannamál er eðlilegt að starfsmaður sem telur sig vera þolanda eineltis leiti sjálfur til viðkomandi ráðuneytis.

- Starfsmannastjóri/sá sem fer með starfsmannamál/starfsmaður leitar til viðkomandi ráðuneytis.
- Ráðuneyti hefur formlegt rannsóknarferli.
 - Hægt er að leita til þjónustuaðila í vinnuvernd (listi á síðu Vinnueftirlits) til að annast rannsóknarferlið.
 - Ráðuneytið getur sjálft rannsakað málið með formlegum hætti:
 - Mikilvægt er að fara vandlega yfir málið og upplýsa atvik þess eftir bestu getu. Fara þarf yfir málið með starfsmanni sem kvartar og því næst að ræða við meintan geranda sem og aðra sem geta veitt upplýsingar um málið. Rétt er að ræða við einn aðila í senn.
 - Upplýsingar úr viðtölum og aðrar upplýsingar sem fengnar eru munnlega ber að skrá.
 - Í einhverjum tilvikum getur verið nauðsynlegt að afla gagna s.s. tölvupósta.
 - Ekki skal draga fleiri inn í málið en nauðsynlegt þykir.
 - Á meðan unnið er að lausn málsins skal leitast við að halda málsaðilum upplýstum um framvindu þess.
- Þegar málið hefur verið upplýst er hlutaðeigandi aðilum kynnt niðurstaðan, það er hvort ráðuneytið telji að um einelti sé að ræða eða ekki.
- Sé talið að meintur gerandi hafi beitt þolanda einelti þarf að huga að afleiðingum þess. Sem dæmi má nefna áminningu eða í undantekningartilfellum frávikningu eða lausn frá embætti um stundarsakir og eftir atvikum síðar að fullu.

Ferill þar sem meintur gerandi er æðsti stjórnandi stofnunar

1. Virkja öryggistrúnaðarmann og/eða vinnuverndarfulltrúa stofnunar.

2. Starfsmannastjóri/sá sem fer með starfsmannamál/starfsmaður leitar til fagraðuneytis.

3. Ráðuneyti hefur formlegt rannsóknarferli, ýmist með eigin rannsókn eða aðstoð utanaðkomandi fagaðila.

4. Hlutaðeigandi aðilum kynnt niðurstaðan, þ.e. hvort um einelti sé að ræða eða ekki.

5. Ef einelti er ekki staðfest þá gætu sáttarfundir komið að gagni. Ef einelti er staðfest; áminning, frávikning eða lausn frá embætti um stundarsakir og eftir atvikum síðar að fullu.